

1911664 – Hrauntunga 119, kvörtun vegna göngustígs milli Hrauntungu og Digranesvegar.

Samskipti og gögn:

From: [REDACTED]
Subject: kvörtun vegna göngustígs milli Hrauntungu og Digranesvegar
Date: 24 October 2019 at 13:03:27 GMT
To: skipulag@kopavogur.is

Til þess er málið varðar.

Ég bý í [REDACTED] en frá einkalóð þeirrar eignar liggur göngustígur upp á Digranesveg. Þetta er illa farin göngustígur þar sem brotið er upp úr tröppum og engar hindranir fyrir hjólandi umferð.

Ég tel þennan stíg ekki standast þær öryggiskröfur sem þarf til að óhætt sé að beina gangandi umferð þessa leið, en þess má geta að það liggur ágætis göngustígur um 50 metrum frá, eða hjá Bröttutungu og nær sá stígur alveg niður að Hlíðarvegi sem virðist standast allar öryggiskröfur.

Ástæður þess að ég tel þennan stíg ekki öruggan eru nokkrar.

Má þar nefna aftur að þar eru engar hindranir fyrir hjólandi umferð en töluvert er um að börn og fullorðnir komi hjólandi niður göngustíginn á talsverðum hraða og beint ut á götuna og niður hana. Bæði á reiðhjólum og skellinöðrum. Þetta veldur mikilli hættu þar sem það er blindhorn á beygju upp götuna svo ómögulegt er að sjá fyrir horn þegar bifreiðar koma akandi. Einnig gætu hjólandi eða akandi vegfarendur ekki séð akandi umferð fyrr en mjög seint. Oft hefur legið við að stórslysi og veldur þetta okkur, íbúum á [REDACTED] verulegum áhyggjum og óþægindum. Einnig er mjög erfitt að sjá gangandi umferð fyrr en komið er inn götuna og gengur fólk á miðri götu þar sem ekki eru neinar gangstéttir á götunni.

Einnig hafa gangandi vegfarendur lent í vandræðum yfir hávetur vegna hálku og átt erfitt með að komast niður götuna, en þar sem þetta er einkalóð þá hefur Kópavogsbær ekki sinnt almennri umhirðu, s.s. að skafa eða hálkuverja.

Mér þykir undarlegt og áhættusamt að beina gangandi og hjólandi umferð út á götu og þykir eðlilegt að beina þessari umferð frekar að öruggum göngustíg á Bröttubrekku, enda örstutt frá.

Einnig hafa verið brotnar flöskur, krotað á eigna og fleira sem fylgir umferð og lendir það á íbúum þessarar eignar að þrifa og laga það. Það þykir mér skrytið þar sem um einkalóð er að ræða.

Ég velti einnig fyrir mér hvar ábyrgðin liggur ef einhver sker sig á glerbrotum eða slasast við að detta í hálkunni...

Ég sé engar kvaðir um gangandi umferð í lóðasamningi svo að þessu öllu framangreindu tel ég eðlilegt og vil krefjast þess að að þessum göngustíg verði lokað.

Kveðja

[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]
[REDACTED]

Sæl [REDACTED]

Eftir að hafa leitað upplýsinga um málið er lagt til við lóðarhafa Hrauntungu 115, 117 og 119 tillaga að breytingu á lóðarleigusamningi dags. 29.11.2016

að nú hljóðandi kvöð "3.50m breið kvöð um gegnumakstur" verði "3.50m breið kvöð um gegnumakstur og alm. gangrétt".

Breyting er að fordæmi og samræmi við mæliblað sem er fylgiskjal lóðarleigusamninga lóðanna Hrauntungu 69-83 og sambærilegs fyrirkomulags stígakerfis.

Ef ekki eru athugasemdir eða ábendingar frá ykkur lóðarhöfum Hraunbrautar 119 varðandi ofangreindrar breytingar á lóðarleigusamningi verður ofangreind breyting borin undir lóðarhafa Hraunbrautar 115 og 117.

Með kveðju,



Bjarki Valberg
Skipulagsfræðingur
Umhverfissvið
Skipulags- og byggingardeild
Sími 441-0000

Kópavogsbær | Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur

Til Bjarki Valberg

Frá [REDACTED]

Heiti Re: vegna kvörtunar yfir gangstíg frá Hrauntungu að Digranesvegi 🍷

Málsnúmer 1911664

Málsaðili [REDACTED]

12.1.2020 18:46:56

Höfundur [REDACTED]

Sæll Bjarki

Kvartanir mínar hafa snúist um að á fá gangstígnum lokað. Ég tel það ekki samræmast öryggiskröfum að beina gangandi umferð út á götu fyrir akandi umferð, sérlega þar sem blindhorn er neðst í götunni og ekki mögulegt að sjá hvort gangandi umferð sé handan við hornið. Partur af þessari götu er inn á einkalóð minni og er því ekki skafin eða hálfkuvarinn af Kópavogsbæ og því enn meiri hættu á slysi hjá gangandi vegfarendum. Einnig vil ég setja spurningarmerki um hver ber ábyrgð, ef um slys yrði að ræða á gangandi umferð sem Kópavogsbær vill beina inn á einkalóð mína. Ég mun ekki setja samþykki mitt við að breyta lóðaleigusamningi við Hrauntungu 119 og held áfram að beina ósk minni um lokun gangstígsins til Kópavogsbæjar.

með kveðju

[REDACTED]
[REDACTED]

200 Kópavogur



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is



Kópavogi, 26. febrúar 2020
1911664/500.00 BR


Efni: Erindi frá íbúa um lokun göngustígs á milli Hrauntungu 115-119 og Digranesvegur.

Þann 24. október 2019 barst umhverfissviði Kópavogsbæjar erindi þitt þar sem þess er óskað að göngustígur sem liggur um botnlanga Hrauntungu 115-119 og að Digranesvegi verði lokað varanlega þar sem ástand göngustígsins sé ábótavant og af honum stafi slyshætta. Þá var á það bent að ekki sé kvöð um almennan göngurétt á lóð þinni að [REDACTED].

Erindið hefur verið tekið fyrir á umhverfissviði og metið svo að ekki sé hægt að verða við beiðninni með þeim rökum að m.a. er um að ræða gönguleið að strætisvagnabiðstöð sem staðsett er við enda göngustígsins við Digranesveg og að leiðin sé jafnframt nýtt sem gönguleið á milli suðurhlíða Digranes og skólana við Digranesveg. Þá er að finna sambærilega göngustíga á greindu svæði og væri lokun göngustígarins því fordæmisgefandi.

Hvað varðar kvöð um almennan göngurétt á lóðinni þá er það mat umhverfissvið að þarna hafi mistök verið gerð við endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir lóðina [REDACTED] en í lóðarleigusamning er tilgreind kvöð um gegnumakstur sbr. mæliblað dags. 26. september 2016. Samsvarandi fyrirkomulag er t.a.m. á göngustíg við botnlanga að Hrauntungu 75 þar sem tilgreint er á mæliblaði dags. 20. október 2016 að kvöð er um gegnumakstur og almennan gangrétt sem er hluti af lóðarleigusamningi fyrir þá lóð.

Með hliðsjón af framangreindu telur umhverfissvið að réttast væri að leiðrétta mæliblað sem og lóðarleigusamning og setja inn kvöð um almennan göngurétt. Hins vegar er tekið undir þau sjónarmið að ástand göngustígsins sé ábótavant og verður hann lagfærður. Jafnframt býðst Kópavogsbær til að sinna nauðsynlegum frágangi innan lóðarinnar [REDACTED] er tengjast lagfæringum á göngustígunum. Þá verður bætt úr vetrarþjónustu á göngustígunum sem og botnlanga.

Virðingarfyllt,

Kópavogsbær
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar

Umsögn umhverfissviðs á fundi umhverfis- og samgöngunefndar 16. ágúst 2022:

Forsaga málsins

Seinni hluta október 2019 hafði lóðarhafi [REDACTED] samband við umhverfissvið varðandi ósk um að göngustígur sem liggur á milli Hrauntungu 115-119 og Digranesvegur 74 og 76 verði lokað sökum slysaættu sem orsakast af stuttum sjónlengdum og blindhornum þar sem stígurinn tengist aðkomugötu að húsunum við Hrauntungu og þeirrar staðreyndar að hann leiðir vegfarendur inn á einkalóð. Við nánari skoðun á umhverfissviði kom í ljós að ekki er þinglýst kvöð á lóðinni um umferð gangandi vegfarenda sem að öllum líkindum voru mistök á sínum tíma. Stígurinn tengir Hrauntungu og eystri hluta bæjarhlutans við biðstöð strætó og voru [REDACTED] [REDACTED] alfarið á móti því að stígnum yrði lokað á sínum tíma.

Málsaðila var útskýrt staða málsins á fundi þann 19. Febrúar 2020 og formleg höfnun send með bréfi dags. 26. febrúar 2020. Í ágúst 2021 hefur málsaðili aftur samband við Kópavogsbæ sökum sama máls, í þetta sinnið til lögfræðideildar og var viðeigandi lögfræðingi útskýrt hver forsaga og staða málsins væri. Í maí 2022 koma skilaboð frá [REDACTED] um að aðhafast ekki frekar fyrr en hann hafi samþykkt málsmeðferðina.

Rök með því að heimila lokun stígsins

- Stígurinn er ekki skipulagi, hvorki á aðalskipulagi né á deiliskipulagi.
- Stígurinn leiðir vegfarendur inná einkalóðir þar sem ekki er kvöð um umferð gangandi vegfarenda í lóðarleigusamningi né á mæliblaði.
- Stígurinn er ekki augljós gönguleið fyrir skólabörn í leið í skóla og annar samsvarandi stígur er til hliðar við þennan tiltekna stíg sem tengir hverfishlutann við biðstöð strætisvagna þó sú leið sé um 90 m lengri en um einkalóðina.
- Erfitt er sjá augljósan tilgang með þessum stíg og auðvelt er að sjá sjónarmið íbúa um amann sem af honum hlýst.

Niðurstaða

Það er niðurstaða umhverfissviðs og lögfræðings umhverfissviðs á stjórnsýslusviði að Kópavogsbæ er ekki fært að setja sig á móti því ef íbúar komi upp girðingu á sínum lóðarmörkum og loki þá fyrir umferð um stígin og umferð gangandi inn á sína lóð. Kópavogsbær mun þá í kjölfarið að loka hinum enda göngustígsins við Digranesveg og beina gangandi vegfarendum um stíga milli Bröttutungu og Digranesveg annarsvegar og Hrauntungu og Bröttutungu hinsvegar. Verið er að vinna að endurbótum á stígnum milli Bröttutungu og Hrauntungu og verður stígnum milli Bröttutungu og Digranesveg lagfærður í kjölfarið.

Tillaga að bókun

Umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemdir við að lóðarhafi [REDACTED] girði sína lóð af og loki fyrir aðkomu göngustígs um lóð sína.

Úr fundargerð umhverfis- og samgöngunefndar 16. ágúst 2022:

„Farið yfir málsmeðferð og aðstæður er varðar ósk um breytingu á aðgengi um göngustíg á milli Hrauntungu og Digranesvegur.

Umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemdir við að lóðarhafi Hrauntungu 119 girði sína lóð af og loki fyrir aðkomu göngustígs um lóð sína. Vísað er til umhverfissvið að fundin verði lausn á nýtingu stígsbút sem lokað verður.“